

## AUGLÝSING um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftir-farandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag, Bratti í Botnsúlum, L170796.*

Deiliskipulagið tekur til Bratta í Botnsúlum, L170796, norðvestan við Syðstu-Súlu. Á staðnum var lítt skáli sem hefur verið fjarlægður. Til stendur að reisa nýjan skála allt að 80 m<sup>2</sup> að stærð, fyrir allt að 30 manns í gistingu. Skipulagssvæðið er um 0,5 ha að stærð. Bratti er innan Þingvallaþjóðgarðs og vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns. Svæðið er í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2019.

2. *Deiliskipulag, Fremstaver.*

Deiliskipulagið tekur til Fremstavers, sunnan við Bláfell, vestan Hvítár í Bláskógabyggð. Á svæðinu eru alls 3 byggingar, fjallaskáli, salernishús og hesthús. Gistiþláss er fyrir 30 manns. Heimilt verður að stækka núverandi skála um allt að 60 m<sup>2</sup> eða byggja nýjan skála allt að 100 m<sup>2</sup>. Með því verður til gistirými fyrir allt að 50 manns. Þá er heimild fyrir byggingu allt að 200 m<sup>2</sup> hesthúss sem mun bæta aðstöðu fyrir hestamenn. Stærð svæðis er um 2 ha. Fremstaver er í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem fjallasel.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2019.

3. *Deiliskipulag, Skálpanes.*

Deiliskipulagið tekur til Skálpaness, fjallaskála við Langjökul, vestan Geldingafells. Á svæðinu eru alls 2 byggingar fyrir ferðaþjónustu og starfsfólk. Ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu, einungis viðhaldi á núverandi mannvirkjum. Stærð svæðis er um 1 ha. Skálpanes er í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2019.

4. *Deiliskipulag, Svertárbotnar (Gíslaskála).*

Deiliskipulagið tekur til Svertárbotna (Gíslaskála) á Kili. Á staðnum er rekin þjónusta við ferðamenn. Þar er einnig gangnamannahús og aðstaða til að taka á móti hestahópum. Skipulagssvæðið er næpr 2 ha að stærð. Í Gíslaskála sem er 270 m<sup>2</sup> að stærð, er pláss fyrir 45-50 manns. Til stendur að stækka skálann fyrir allt að 70 manns í gistingu og/eða að byggja two nýja skála, auk þess að bæta aðstöðu fyrir hesta. Á svæðinu er einnig 96 m<sup>2</sup> hesthús og 20 m<sup>2</sup> starfsmannahús. Svæðið er í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Samþykkt í sveitarstjórn 1. október 2019.

5. *Deiliskipulagsbreyting, Launrétt 1, L167386.*

Lóðin Launrétt 1, L167386, í Laugarási breytist í verslunar- og þjónustusvæði þannig að heimilt verði að veita rekstrarleyfi fyrir gistingu.

Samþykkt í sveitarstjórn 29. ágúst 2019.

Nr. 311

20. mars 2020

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 20. mars 2020.*  
Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,  
**Rúnar Guðmundsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 6. apríl 2020